

Tillaga að viðburðum í desember

Til : Hrafnhildur Gísladóttir.; regína@mos.is; Halla Karen Kristjánsdóttir; Hilmar Tómas Guðmundsson; Auður Halldórsdóttir

Frá : Helga Jóhannesdóttir <helgajoh00@gmail.com>

Heiti : Tillaga að viðburðum í desember

Málsnúmer : 202304059

Málsaðili : Helga Jóhannesdóttir

Skráð dags : 07.04.2023 20:34:34

Höfundur : Helga Jóhannesdóttir <helgajoh00@gmail.com>

Some people who received this message don't often get email from helgajoh00@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Góðan dag.

Mig langar að koma á framfæri hugmyndum til ykkar í stjórnslu Mosfellsbæjar er varðar sýningarhald í Listasal okkar bæjarbúa og hugsanlega nýtingu á Hlégarði.

Í Mosfellsbæ býr fjöldi starfandi listamanna en möguleiki á sýningarhaldi er takmarkaður. Starfsemi Listasalsins er til fyrirmyndar og sannarlega rós í hnappagat Mosfellsbæjar.

Til að styðja við listamenn hér í bænum, að koma sér og sýnum verkum á framfæri þætti mér áhugavert og spennandi að eyrnamerkja Listasalinn mosfellskum listamönnum desembermánuð á hverju ári. Það yrði einskonar samsýning þar sem veggir væru þakktir verkum í hólf og gólf (fyrirmyndin: Ásmundasalur í desember sjá: <https://www.mbl.is/myndasafn/mynd/424254/>). Þarna væri hægt að kaupa verk og taka með samstundis, en nýtt verk eftir sama listamann yrði sett upp í staðin. Opnun gæti verið á sama degi og ljósin eru tendruð á jólatré á torginu.

Einnig vil ég nefna hugmynd er varðar handverksmarkað og/eða matar og blómamarkað sem gæti verið í Hlégarði þennan sama dag eða helgi í desember. Til að gera þann markað að vönduðum og áhugaverðum viðburði tel ég mikilvægt að einblína á innlent handverk, matar og blómaframleiðslu.

Ég hef fulla trú á að svona viðbót í menningarlíf Mosfellsbæjar gæti mælst vel fyrir og auðgað anda bæjarbúa.

Með kærri kveðju og tilhlökkun að heyra viðbrögð við þessum hugmyndum,

Helga Jóhannesdóttir myndlistarmaður og framhaldsskólakennari